

## Skýrsla stjórnar hjúkrunarráðs Landspítala fyrir starfsárið 2007-2008

Fundarstjóri, góðir fundarmenn

Það hefur mikið gengið á í þjóðfélaginu undanfarna daga og vikur. Ríkið býið að yfirtaka alla þrjá stærstu banka landsins, mörg hundruð manns misst vinnuna og eiga nú um sárt að binda. Fjármálakerfi þjóðarinnar er hrunið og nú þarf að snúa vörn í sókn svo um munar.

Þetta kallar á meiri vinnu hjá heilbrigðisstarfsfólki og þurfum við að standa þétt saman sem aldrei fyrr og hjálpast að í gegnum þennan ólgusjó og átta okkur á hvað skiptir máli í lífinu, hvað er það sem gefur lífinu gildi og fyrir hvað stöndum við, hver eru lífsgildi okkar?

Eitt er þó á hreinu og því getum við fagnað að nýi spítalinn er nokkurn veginn á áætlun. Skipulagsráð Reykjavíkur hefur samþykkt að hönnunarsamkeppni vegna nýs háskólasjúkrahúss geti hafist eins og segir á vefnum um nýjan spítala frá 14.ágúst. Jafnframt liggur fyrir að skipulagsstjóri Reykjavíkur komi að gerð endanlegs texta samkeppnislýsingar vegna hönnunarsamkeppninnar. Nú er beðið samþykkis samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir varðandi undirbúning hönnunarsamkeppninnar en strax og það liggur fyrir er ekkert því til fyrirstöðu að auglýsa formlega hönnunarsamkeppni nýs sjúkrahúss. Í fjárlagafrumvarpi næsta árs eru veittar 800 milljónir í þennan áfanga og við treystum því að það standi þrátt fyrir erfiðleikana sem þjóðin stendur nú frammi fyrir.

Þá er býið að ráða nýjan forstjóra á spítalann, Huldu Gunnlaugsdóttir sem var forstjóri á Akerssjúkrahúsinu í Osló en eins og allir hér vita er hún hjúkrunarfræðingur að mennt. Hjúkrunarráð óskar henni innilega til hamingju með stöðuna og væntir þess að eiga gott samstarf við hana um málefni hjúkrunar sjúklingum til heilla.

Stjórn hjúkrunarráðs hefur á síðasta starfsári verið skipuð eftirfarandi hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum auk formanns sem hér stendur

Sigrún Lind Egilsdóttir, varaformaður

Brynja Ingadóttir, ritari

Elísabet Guðmundsdóttir, fulltrúi hjúkrunarfræðinga sem starfa utan sviða

Ragnheiður Sigurðardóttir, fulltrúi barnasviðs

Kristín L Svansdóttir, fulltrúi lyf 1

Ingibjörg Fjölnisdóttir, fulltrúi lyf 2

Þórdís Bergþórsdóttir, fulltrúi svæfingar- gjörgæslu- og skurðstofusviðs

Katrín Blöndal, fulltrúi skurðlækningasviðs

Guðrún Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi kvennasviðs

Ragna Kristmundsdóttir, fulltrúi geðsviðs sem fór í barnsburðarleyfi um áramót og inn kom Kristín B Ólafsdóttir en hún hætti á spítalanum í vor.

Guðrún L. Víkingsdóttir, fulltrúi öldrunarsviðs

Guðrún Gyða Ölversdóttir, fulltrúi endurhæfingarsviðs

og Sigríður Karlsdóttir fulltrúi slysa og bráðasviðs.

Stjórnin hefur haldið 17. fundi auk þess sem formaður, varaformaður og ritari hafa hist óformlega vegna ýmissa mála. Þá hefur formaður að venju setið hjúkrunarstjórnarfundu einu sinni í viku og fundu með framkvæmdastjóra hjúkrunar einu sinni í mánuði.

Þá hafa verið haldnir 2 almennir fundir, sá fyrri þann 30. október, 2007 og var yfirskrift þess fundar „Nýr spítali“ og sá seinni þann 27. maí síðast liðinn og yfirskrift þess fundar var: „Hjúkrun í nýju stjórnskipulagi“.

Síðast liðið ár hefur verið viðburðaríkt á spítalanum og verkefni stjórnar af ýmsum toga og skal þeirra helstu getið hér.

Það var í október á síðasta ári sem heilbrigðisráðherra skipaði þrjár nýjar nefndir sem tengjast málefnum spítalans. Það er nú manna ráðgjafanefnd en tilgangur hennar er að efla tengsl Landspítala við þjóðfélagið og möguleika notenda þjónustunnar til að hafa áhrif á starfsemi og þjónustu spítalans. Þá er nefnd um fasteignir, nýbyggingar og aðstöðu heilbrigðisstofnana. Þessi nefnd skal vinna tillögur að framtíðarskipulagi fasteigna og annarri aðstöðu innan heilbrigðiskerfisins í kjölfar þarfagreiningar og leggja fyrir ráðherra eins fljótt og unnt er. Síðast en ekki síst er nefnd um málefni spítalans en henni er ætlað að skilgreina hlutverk spítalans og gera tillögur um hvernig greina megi að kjarnastarfsemi hans og önnur verkefni, framkvæma athugun á stjórnskipulagi Landspítala og gera úttekt á rekstri hans. Stjórn hjúkrunarráðs var boðuð á fund þessarar nefndar í janúar síðastliðinn þar sem hjúkrunarráð meðal annars kynnti ráðið fyrir nefndarmönnum. Eftir fundinn sendi hjúkrunarráð erindi til nefndarinnar varðandi sína sýn á framtíðarstefnumótun spítalans. Með erindinu var send skýrsla um stjórnun og skipulag deilda sem gefin var út í september 2007. Þessi skýrsla var unnin af vinnuhópi á vegum framkvæmdastjóra hjúkrunar og hjúkrunarráðs LSH. Í skýrslunni eru m.a. lagðar fram tillögur um stjórnun deilda og bætt skipulag við þjónustu sjúklunga. Þetta erindi er inni á vef hjúkrunarráðs og verður ekki rakið hér en við lögðum m.a. áherslu á að hjúkrunardeildarstjórar bera ábyrgð á hjúkrun á deildum sjúkráhusa og samkvæmt nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1.sept. 2007 er slíkt stjórnunarhlutverk styrkt. Núverandi stjórnskipulag þar sem 2 sviðsstjórar eru yfir hverju klínisku sviði hefur gefist vel að mati hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra og var ítrekað mikilvægi þess að stjórn hjúkrunar verði áfram í höndum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Við lögðum áherslu á að læknar, hjúkrunarfræðingar og ljósmæður, ásamt fleiri fagstéttum, vinna samhliða að meðferð sjúklings og verða að vera í góðu samstarfi til að árangur þjónustunnar verði sem bestur.

Eins og kom fram á aðalfundi hjúkrunarráðs 17 okt. 2007 var framkvæmdastjóri hjúkrunar nýbúinn að skipa starfshóp til að endurskoða stefnu í skráningu hjúkrunar á Landspítala frá 2001. Áherslur í hjúkrun hafa breyst og eðlilegt að stefna í hjúkrunarskráningu taki mið af því. Einnig liggja fyrir niðurstöður á mati á árangri átaks til bættrar skráningar frá 2006. Starfshópnum var ætlað að koma með tillögur að breyttri stefnu í skráningu hjúkrunar, aðgerðaráætlun henni tengdri með áherslu á nýtt skráningakerfi, notkun kóðakerfa í hjúkrun, skráningu sérfræðiálita og sendingu hjúkrunarbréfa svo eitthvað sé nefnt. Þá þurfti að huga að eftirtöldum þáttum við endurskoðun á stefnunni:

- Lögum um réttindi sjúklunga nr.74/1997 og um heilbrigðisþjónustu nr; 40/2007
- Stefnumótun LSH
- Uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár, skráningu annarra fagstétta, aðgangsreglum LSH og lögum um persónuvernd.
- Innleiðingu á stýrðu flæði
- Þátttöku sjúklunga og aðstandenda þeirra í meðferð.
- Hjúkrun í fjölmenningsarsamfélagi
- Stefnu og sýn hjúkrunar
- Innleiðingu fjölskylduhjúkrunar á öllum deildum
- Samþættingu á skráningu og DRG-innleiðingu
- Gildi hjúkrunarskráningar fyrir kennslu og rannsóknir í hjúkrun
- Uppbyggingu á vöruhúsi gagna.

Starfshópurinn skilaði endurskoðaðri stefnu og aðgerðaráætlun til framkvæmdastjóra hjúkrunar í mars síðast liðnum. Þar segir m.a. að hver sá sjúklingur sem þiggur þjónustu á Landspítala skal eiga hjúkrunarskrá sem mynduð er úr skráðum gögnum um hjúkrun sjúklings og fjölskyldu hans eftir því sem við á. Hjúkrunarskráin tekur til upplýsingaskrár sjúklings, hjúkrunargreininga, áætlunar um hjúkrunarmeðferð, veittrar hjúkrunarmeðferðar, viðbragða sjúklings við meðferð, framvindu og mats á árangri og útskriftaráætlunar. Unnið skal að því að hjúkrunarskráin verði rafræn og hluti af rafrænni sjúkraskrá og þannig aðgengileg hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum, sjúkraliðum og öllum þeim er annast sjúklunga og hafa til þess rétt samkvæmt aðgangsreglum LSH. Hjúkrunarskráin skal endurspeglar veitta hjúkrun þar sem byggt er á þörfum hvers sjúklings, virðingu fyrir honum og fjölskyldu hans. Þannig skal sýn og stefna hjúkrunar höfð að leiðarljósi og byggt á viðeigandi lögum og reglugerðum og siðareglum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Byggt skal á gildum LSH um fagmennsku, jafnræði, öryggi og þekkingu við alla hjúkrunarskráningu. Þá er réttur sjúklings að

þekkja eigin hjúkrunaráætlun áréttaður og því skal hún sett í samráði við hann þegar því verður viðkomið sbr. 5. grein laga um réttindi sjúklunga nr. 74/1997.

Rafræn hjúkrunarskráning hefur verið notuð á dag- og göngudeildum um nokkurra ára skeið og hefur sú skráning skilað mikilvægum upplýsingum um hjúkrun á þeim deildum.

Mikil vinna hefur farið fram á undanförunum árum við að undirbúa innleiðingu rafrænnar skráningar í hjúkrun á legudeildum s.s innleiðingu á flokkunarkerfum fyrir hjúkrunargreiningar (NANDA), hjúkrunarmedferð(NIC) og hjúkrunarútkomur (NOK) til skráninga á viðfangsefnum og meðferðaráætlunum í hjúkrun og einnig hefur verið unnið mikið og ítarlegt efni í ýmsum þarfagreiningarskýrslum. Gerður hefur verið þjónusta og uppfærslusamningur á Sögu milli landspítala og TM software Healthcare hf. Í þeim samningi eru skilgreind aðkallandi verkefni s.s hjúkrunarskráning, lífsmörk, mælingar og íhlutaskrá.

Það var síðan skipaður stýrihópur um skráningu hjúkrunar í vor og er Kristín Sophusdóttir sviðsstjóri á lyf 2 formaður og Herdís Gunnarsdóttir verkefnastjóri verkefnisins. Hlutverk stýrihópsins í skráningu hjúkrunar er að:

- Fylgja eftir stefnu LSH í skráningu hjúkrunar.
- Fylgja eftir verkefnaáætlun um þróun og innleiðingu rafrænnar skráningar í hjúkrun á legudeildum LSH í samráði við framkvæmdastjóra hjúkrunar og sviðsstjóra.
- Setja fram áætlun um þjálfun hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraliða í nýjum aðferðum um skráningu hjúkrunar.
- Hafa yfirsýn yfir framkvæmd verkefnisins á hverju klínisku sviði.
- Vera ábyrgðaraðilum sviða og lykilhjúkrunarfræðingum til ráðgjafar og stuðnings við að innleiða verkefnið á sviðum spítalans.
- Meta árangur af innleiðingu verkefnisins jafnóðum og gera reglulega breytingar á innleiðingaráætlun efir því sem þörf krefur.
- Hafa yfirsýn yfir önnur verkefni innan hjúkrunar sem áhrif hafa á þróun og innleiðingu rafrænnar skráningar s.s fjölskylduhjúkrun og ferliþjónustu hjúkrunar.
- Skoða tengsl skráningar í hjúkrun og DRG-flokkunar.
- Rafræn skráning styðji við notkun klínískra leiðbeininga og gagnreyndrar þekkingar.
- Hvetja til rannsókna í tengslum við skráningu hjúkrunar.

Hjúkrunarráð tilnefndi Helgu Bragadóttir hjúkrunarfræðing og lektor sem fulltrúa sinn í þennan hóp en auk hennar eiga sæti 10 hjúkrunarfræðingar, sviðsstjórar, sérfræðingar í hjúkrun og formenn fræðasviða svo eitthvað sé nefnt. Þessi hópur er búinn að vinna vel það sem af er ári og núna liggja fyrir drög að verkefnaáætlun fyrir hönnun og innleiðingu rafrænnar skráningar í hjúkrun á legudeildum LSH en lífsmörk og mælingar, íhlutaskrá og meðferðaskrá hjúkrunar eru í prufukeyrslu hjá UTS.í samvinnu við stýrihópinn og stefnt er að innleiðingu á næsta ári.

En af hverju er mér þetta svona hugleikið? Jú, þetta er eitt af brýnustu verkefnum sem við erum að vinna að núna og mjög mikilvært að við öll áttum okkur á því að núna, já einmitt núna er rafræn hjúkrunarskráning að koma á Landspítalann. Rafræn hjúkrunarskráning á legudeildum er að verða að veruleika og við þurfum að undirbúa okkur og fara að huga betur að því hvað við erum að skrá. Eru allir sjúklingar með hjúkrunargreiningar og eru þær lagðar fram í samráði við sjúklinginn þegar það er hægt? Rafræn hjúkrunarskráning mun endurspegla veitta hjúkrun þar sem byggt er á þörfum hvers sjúklings, virðingu fyrir honum og fjölskyldu hans.

Það er mikið í húfi hjá okkur hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum að við undirbúum okkur og tökum þessu verkefni með jákvæðu hugarfari og vinnum heils hugar að innleiðingunni með tengiliðum deildanna og umsjónaraðilum og hjálpumst að í þessu mjög svo mikilvæga máli sem innleiðing rafrænnar skráningar er. Núna er þetta að verða að veruleika og við erum búin að bíða lengi, svo núna er mikilvægt að orðræðan verði jákvæð og við stöndum saman í þessu mikilvæga máli.

Hjúkrunarráði var falið að endurskoða sýn og stefnu hjúkrunar á Landspítala og lauk þeirri vinnu á árinu. Hin nýja sýn og stefna ætti nú að vera komin í ramma upp á vegg á öllum deildum spítalans. Ég

vona að við séum öll sátt við þessa endurskoðun enda höfðu allir tækifæri að koma með ábendingar meðan sú vinna var í gangi.

Þá fékk hjúkrunarráð til umsagnar frá forstjóra Landspítala -5. málsgrein í 9. grein heilbrigðis laga nr.40/2007 sem tekur til tímabundinna ráðninga stjórnenda. Undir hugtakið stjórnunarstöður skv. 5. málsgrein 9.greinar laga um heilbrigðisþjónustu falli eftirtaldir stjórnendur: framkvæmdastjórar, sviðstjórar á klíniskum sviðum/skrifstofum, yfirlæknar sérgreina, hjúkrunardeildarstjórar auk annarra stjórnenda séu þeir með stjórnunarumfang og ábyrgð jafngilt þeim sem að framan greinir. Hjúkrunarráð var sammála því að almennt sé ráðið til 5 ára þegar um tímabundna ráðningu er að ræða. Í ráðningarsamningi skal tilgreind sú dagsetning þegar ráðningarsamningur hefst og honum lýkur. Hjúkrunarráð var sammála um að þetta ráðningarfyrríkomulag sé spítalanum til framdráttar og styrki stjórnendur hans í að hafa skýra sýn og markmið sem eru endurskoðuð reglulega sem leiðir til bættrar þjónustu við sjúklingana.

Vika hjúkrunar var í maí eins og undanfarin ár og mun formaður fræðslunefndar gera henni skil hér á eftir, ég ræði hana því ekki frekar en ég vil þakka fræðslunefndinni frábært starf við skipulagningu vikunnar og einnig þakka ég framkvæmdastjóra hjúkrunar fyrir aðstoð ritara sem við fengum og léttir auðvitað undirbúninginn. Þá sér fræðslunefndin um fræðslufundina sem eru núna kl. 12.00 á miðvikudögum í Hringisal (ath. nýr fundartími) og vil ég við þetta tækifæri hvetja alla hjúkrunarfræðinga og ljósmæður að kynna sér dagskrá þeirra. Þar eru mörg fróðleg erindi sem spanna vítt svið og allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Hjúkrunarráð var beðið að tilnefna fulltrúa í stýrihópa um ýmis verkefni sem eru í gangi tengd þróun í hjúkrun og mun ég nú fara yfir það.

- Skipaður var stýrihópur um mönnun í hjúkrun og tók Erlín Óskarsdóttir, deildarstjóri á skurðstofu við Hringbraut að sér það verkefni fyrir hjúkrunarráð.
- Í vinnuhópi um ferliþjónusta hjúkrunar á dag- og göngudeildum situr Gunnhildur Magnúsdóttir, deildarstjóri á dagdeild blóð- og krabbameinslækninga 11.B.
- Í vinnuhóp um starfsumhverfi og stjórnun deilda tilnefndi hjúkrunarráð Erlu Dögg Ragnarsdóttir, deildarstjóra almennrar skurðeildar á 13G.
- Og fyrir hönd hjúkrunarráðs í vinnuhóp um endurskoðun á framgangskerfi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra situr Unnur Friðriksdóttir ljósmóðir á fæðingargangi 23A.

Allir þessir hópar eru að störfum og eru sumir búnir að kynna stöðu verkefnanna í haust fyrir hjúkrunarstjórn en önnur gera það á næstu vikum.

Mörg önnur verkefni eru einnig í gangi, svo sem vinnan við stefnumótun um þátttöku sjúklinga og aðstandenda í meðferð og sjúklingafræðslu. Þar segir í erindisbréfi: „Þátttaka sjúklinga og aðstandenda í meðferð sjúkdóma er vaxandi þáttur í heilbrigðisþjónustu. Rannsóknir benda til að aukin þátttaka sjúklinga í meðferð leiði til aukinnar meðferðarheldni, færri fylgikvilla og styttri legu á sjúkrahúsi. Þekking sjúklinga er forsenda fyrir virkri þátttöku þeirra. Sjúklingafræðsla er ein leið heilbrigðisstétta til að efla þátttöku sjúklinga í meðferð”. Þessi hópur er búinn að skila skýrslu og var hún kynnt núna í september fyrir hjúkrunarstjórn. Þar kemur margt áhugavert fram og augljóst að það er ekki sama hvernig við fræðum né hvar fræðslan fer fram og hvar sjúklingurinn er staddur til að hún skili sér til hans. Í þessari skýrslu kemur margt fram sem á eftir að nýtast við meðferð sjúklingsins frá innskrift til útskriftar.

Þá er innleiðing fjölskylduhjúkrunar á ýmsum deildum spítalans í góðum gangi ásamt starfsþróunarverkefninu sem talað var um á síðasta ársfundi fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður ásamt ýmsum öðrum verkefnum er tengjast þróun í hjúkrun. Það er ánægjulegt að sjá að allt þokast þetta í rétta átt þó stundum finnst manni að hægt gangi. Öll eru þessi verkefni brýn og mikilvæg og nauðsynlegt að við fylgjumst vel með gangi þeirra og innleiðum þau eins og frekast er kostur.

Mikil umræða varð á spítalanum fyrri parts árs um nýtt stjórnskipulag í kjölfar skipunar heilbrigðisráðherra í stöðu forstjóra, en eins og allir vita hætti Magnús Pétursson forstjóri þann 1. apríl og við tóku þau Anna Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar og Björn Zoega, framkvæmdastjóri lækninga og voru þau settir forstjórar til 1. september 2008. Í framhaldi þeirrar umræðu hélt hjúkrunarráð almennan fund þann 27. maí eins og komið hefur fram og yfirskrift fundarins var: „Hjúkrun í nýju stjórnskipulagi”. Framsögumenn fundarins voru Anna Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar; Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, sviðsstjóri slysa og bráðasviðs; Lilja Stefánsdóttir, sviðsstjóri skurðlækningasviðs og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, stjórnsýsluráðgjafi. Ýmislegt áhugavert kom fram á þessum fundi og málin rædd frá ýmsum sjónarhornum og sýndist sitt hverjum. Þar spurði einn framsögumanna meðal annars: „Myndum við velja hjúkrun í dag ef við værum að velja okkur starf”? Það voru auðvitað aðrir tímar í maí í vor en eru núna í þjófélaginu en þessi spurning vakti mig til umhugsunar.

Hvað er það við hjúkrun sem er svona spennandi? Eða áhugavert, svari nú hver fyrir sig. Ef ég svara bara fyrir mig er svarið já, ég myndi velja hjúkrun í dag. Þetta er einstaklega fjölbreytt starf og gefandi sem gefur endalausa möguleika hvað vinnutíma og fjölbreytni varðar og þar er örugg vinna. Þá er ljósmæðrastarfið ekki síðra og eins og kom fram í óformlegri könnun Önnu Ólafu Björnsson, sagnfræðings, meðal þjóðarinnar snemma á þessu ári var orðið ljósmóðir valið fallegasta orð í íslenski tungu. Þrátt fyrir það sjáum við fram á skort á ljósmæðrum eftir nokkur ár ef ekki fjölgar í stéttinni á næstu árum.

Hjúkrunarráð hefur fundað áfram á þessu ári með fulltrúum frá Landlækniseimbættinu, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Miðstöð heilsugæslunnar, fulltrúum hjúkrunarfræðideildanna og framkvæmdastjóra hjúkrunar á LSH vegna fyrirsjáanlegs skorts á hjúkrunarfræðingum en því miður hefur það ekki skilað miklum árangri.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga stóð fyrir ímyndaráttaki til að fjölga nemum í hjúkrun en án árangurs. Það voru aðeins 65 nemendur sem hófu nám síðast liðið haust í H.Í. Þetta er mikið áhyggjuefni þar sem eins og margoft hefur komið fram undanfarin ár stefnir í mikinn skort á hjúkrunarfræðingum. Er kannski lag núna vegna þess ástands sem upp er komið í þjóðfélaginu að taka inn nema eftir áramót? Þarf þessi hópur ekki að fara að funda um þetta sem fyrst? Þetta er mál okkar allra. Við verðum að vinna saman að því að finna ráð til að fjölga hjúkrunarfræðingum. Þenslan hefur verið mikil á vinnumarkaðinum og launin eru ekki í takt við menntunarkröfur en við breytta aðstæður í þjóðfélaginu er örugglega tækifæri núna sem við þurfum að nýta okkur. Ný staða hefur komið upp því í gær, á fundi hjúkrunarfræðideildar H.Í var samþykkt að deildarforseti fengi umboð til undirbúnings á námsleið til BS prófs í hjúkrun fyrir stéttir með háskólapróf, núna á vorönn 2009. Talað er um 25. nemendur sem gætu þá útskrifast eftir tvö og hálf ár. Við tökum þessu fagnandi ef af verður og leggjum okkar að mörkum til þess að þetta gangi vel.

En það hefur einnig verið óánægja og uppsagnir á árinu sem bæði hafa valdið óróleika og kvíða á meðal starfsmanna og ekki síst sjúklinga. Hjúkrunarráði barst erindi í mars vegna uppsagna á vaktainum hjá skurð- og svæfingarhjúkrunarfræðingum á spítalanum. Hjúkrunarráð lýsti áhyggjum sínum af þeim afleiðingum sem fyrirhugaðar breytingar gætu haft á öryggi sjúklinga, starfsöryggi hjúkrunarfræðinga svo og sérfræðipækkingu innan skurð- og svæfingarhjúkrunar. Hjúkrunarráð sendi bréf til sviðsstjóra sviðsins og óskaði eftir upplýsingum um málið og fékk það. En eins og allir hér vita náðist að semja á elleftu stundu og ekki kom til uppsagna en þetta ferli er örugglega til að læra af fyrir okkur öll.

Þá sögðu um 50% ljósmæðra upp starfi sínu vegna óánægju með laun og áttu að láta af störfum þann 1. október. Samningar tókust á síðustu stundu en ollu töluverðum óróa hjá verðandi mæðrum og fjölskyldum þeirra. Mikið var skrifað í blöðin um málið og fengu ljósmæður mikinn stuðning frá þjóðinni við kröfur sínar. Það er einnig í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að jafna launamun kynjanna svo þær höfðu góð rök fyrir kröfum sínum. Hjúkrunarráð samdi ályktanir tengdar þessum málum sem eru á heimasíðu ráðsins.

Hjúkrunarráði og lækna ráði var falið að endurskoða leiðbeiningar um meðferð við lok lífs sem voru frá árinu 2004. Þau skipuðu líknarteymi LSH til þessa verks og er sú vinna langt komin en tillagna er að vænta fljótlega.

Af öðrum málum sem rædd hafa verið innan ráðsins má nefna sérfræðinga í hjúkrun en það eru þeir hjúkrunarfræðingar sem hafa sértæka þekkingu, framhaldsmenntun og færni til að leysa viðfangsverkefni er lúta að hjúkrun sjúklinga/fjölskyldna og þverfaglegri samvinnu vegna þjónustu við skjólstæðinga. Á spítalanum eru 18 sérgreinar hjúkrunar og um 30 sérfræðingar. Við öll, ljósmæður og hjúkrunarfræðingar þurfum að efla samvinnu við þessa sérfræðinga, fá sérfræðiálit á erfiðum hjúkrunarvandamálum og tryggja þannig bestu hjúkrun sem völ er á. Þarna er mikill mannaúður sem getur nýst okkur í erfiðum hjúkrunarvandamálum og er tilbúinn að koma og bæta þannig hjúkrun sjúklinga.

Umræður um lyfjamál og lyfjagjafir hafa borið á góma innan ráðsins. Það er álit okkar að ekkert á spítalanum ógni öryggi þeirra meira en hætta á mistökum tengt lyfjagjöfum. Umsýsla lyfja hefur verið í skoðun á LSH undanfarna mánuði og hefur sú vinna verið í höndun Ingu J. Arnarsdóttur, yfirlyfjafraeðings og Guðbjargar Pálsdóttur, sérfræðings í hjúkrun á slysa- og bráðasviði. Niðurstöður þeirrar vinnu benda til þess að margt þurfi að bæta í umsýslu lyfja á LSH. Það er brýnt að undirbúa samstarfsverkefni hjúkrunar, lækninga og apóteksins um betri verkferla í lyfjagjöfum og umgengni við lyf. Hjúkrunarráð er tilbúið til að fara í þetta verkefni og vinna að bættum verkferlum sem fyrst. Við hjúkrunarfræðingar og ljósmæður þurfum að skerpa vitund okkar víða á spítalanum og bæta umgengni okkar um lyf til að auka öryggi sjúklinga.

Þá kannaði hjúkrunarráð vinnureglur tengdar birtingu ljósmynda í blöðum og tímaritum sem teknar eru af sjúklingum sjúkrahússins. Ástæða þess var sú að skjólstæðingur taldi sig þekkja aðstandenda sinn á mynd sem birtist í fagtímariti en sjúklingurinn var ekki fær um að gefa leyfi fyrir myndatöku né myndbirtingu og vitað var að aðstandandi gaf ekki leyfi. Það kom í ljós að vinnureglur fyrir klínískra ljósmyndun á LSH eru til frá apríl 2007 en einhverra hluta vegna birtist þessi mynd samt. Þetta er gott dæmi til að læra af og þótt reglurnar séu til þá fer stundum eitthvað úrskeiðis. Það er líka okkar að standa vörð um sjúklinginn og sjá til þess að hans friðhelgi sé virt í einu og öllu eins og við mögulega getum.

Á síðasta starfsári komu margir góðir gestir á stjórnarfundum hjúkrunarráðs er tengdust hinum ýmsu málum sem hér hafa verið rakin og fá þeir okkar bestu þakkir fyrir en allar fundargerðir eru á netinu. Þó langar mig að nefna eina heimsókn sérstaklega en það var í upphafi þessa starfsárs sem Anna Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar kom á fund hjúkrunarráðs og gerði jafnræði að umtalsefni sínu. Hvernig nálgumst við hjúkrunarfræðingar og ljósmæður verkefni okkar m.t.t jafnræðis? Komum við eins fram við alla eða höfum við kannski minna þol fyrir þeim sem eru minni máttar eða undirmáls t.d. veikir, aldraðir, geðfatlaðir eða eiturlyfjaneytendur svo eitthvað sé nefnt? Erum við að draga fólk í dilka? Höfum við minna þol fyrir ákveðnum sjúklingahópum en öðrum? Þá starfa á Landspítalanun nú um 380 erlendir starfsmenn í hinum ýmsu störfum, bæði fagfólk og ófaglært. Ég legg til að við skoðum þetta hvert og eitt og ræðum þetta jafnvel á deildarfundum. Hvernig er orðræðan hjá okkur? Við þurfum stöðugt að vera á vaktinni og halda á lofti góðri orðræðu um hjúkrun, við eru fyrirmyndir annarra starfshópa og höfum mikil áhrif á deildunum.

Þá hef ég farið yfir það helsta sem hjúkrunarráð hafði á sinni könnu á síðasta ári og það er ljóst að það er margt um að vera á þessum frábæra spítala. Mörg verkefni eru í gangi tengd þróun í hjúkrun og endalaus tækifæri eru til staðar til að auka færni sína.

Að lokum: Staða okkar er sterk innan spítalans sem aldrei fyrr en þó vantar enn fleiri hjúkrunarfræðinga og ljósmæður. Við þurfum öll að taka þátt í að laða að fólk og halda að spítalanum, hlúa sérstaklega vel að nimum og nýráðnum, efla innbyrðis traust í stéttunum, standa saman, tala vel um hjúkrun, hjúkrunarfræðinga og ljósmæður. Við þurfum að halda áfram að hafa sýn og stefnu hjúkrunar og gildi spítalans sem eru fagmennska, jafnræði, virðing, öryggi og þekking að leiðarljósi, þá mun okkur farnast vel áfram.

Ég hef nú setið sem formaður hjúkrunarráðs í 2 ár og læt nú af því starfi. Það hefur verið mikil áskorun að taka þátt í þessu verkefni oftast mjög gaman en alltaf lærdómsríkt.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum stjórnarmönnum hjúkrunarráðs þessi 2 ár fyrir einstakt samstarf. Þá vil ég einnig þakka nefndarmönnum þeirra framlag til ráðsins sem hefur verið mikið og óeigingjart. Þá vil ég einnig þakka Önnu Stefásdóttir, framkvæmdastjóra hjúkrunar og sviðsstjórum gott samstarf þessi ár. Takk fyrir.